

Framkvæmdarleyfi við Mjólkárvirkjun, Ísafjarðarbæ

Orkubú Vestfjarða ohf. sækir með umsókn sinni dags. 6.júní 2018 um að framkvæmdaleyfi verði gefið út vegna skurðar sunnan Grímsvatns og þar með að veita vatni í Borgarhvilftarlæk, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja og samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar staðfesti niðurstöðuna á fundi sínum 4. október s.l.

Framkvæmdaleyfi er veitt á grundvelli þeirra og fylgigagna í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr.772/2012 . Framkvæmdaleyfisgjald að fjárhæð kr. 75.823,- hefur verið greitt.

Einungis er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir umræddum skurði.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 27. september 2017 er sú að fyrirhuguð stækkun Mjólkárvirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því óháð mati á umhverfisáhrifum.

Fylgiskjöl og greinargerðir má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.isafjordur.is.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitastjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Athugasemdir skulu berast til bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar eða með tölvupósti á: axelov@isafjordur.is

Ísafirði, 11. október 2018

Axel Rodriguez Överby, skipulagsfulltrúi